


Dags: 25.11.2014

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	26/11 2014
Málsnr:	1411350
Bréfal:	2533

Umsókn um fjárstyrk vegna þreksals Hauka að Ásvöllum.


Knattspyrnufélagið Haukar, í gegnum barna og unglingaráð, óskar eftir fjárveitingu til að koma þrek og styrktarsal sínum að Ásvöllum í þannig horf að ekki skapist hætta á meiðslum eða slysum við æfingar og þjálfun þar inni.


Knattspyrnufélagið Haukar er mjög fjölmennt félag og samkvæmt tölfræðiriti ÍSÍ eru Haukar sjötta fjölmennasta íþróttafélag á landinu og innan félagsins eru reknar 6 deildir. Líkamlegt atgervi íþróttamanna skiptir sífellt meira máli vegna aukins álags bæði við keppnisaðstæður og æfingaaðstæður. Þá er einnig vitað að skipulagt íþróttastarf er frábær forvörn og getur það stuðlað að bættum námsárangri ásamt betri andlegri líðan innan og utan skóla. Auk þess fræðast einstaklingar mikið um heilbriggt líferni í skipulögðu íþróttastarfi sem getur skilað sér í gífurlegum sparnaði fyrir heilbrigðiskerfið.

Fyrir utan þann gríðarlega fjölda sem þarf að hafa afnot af þreksalnum innan félagsins er mikið og gott starf unnið í gegnum afrekslínu félagsins sem er í beinu samstarfi við grunn- og framhaldsskólana í bænum. Þar fá iðkenndur áfangana metna sem einingar eða valfög inni skólanna.

Frá því að íþróttamiðstöð Hauka var byggð fyrir um 15 árum hefur ekkert verið uppfært inni salnum nema stöku reddingar sem hafa verið fjármagnaðar persónulega af þjálfurum innan félagsins. Einnig má nefna að enginn nýr búnaður var settur inni salinn við byggingu hans fyrir 15 árum og er því öll aðstaða og búnaður þar inni ónýtur eða í slæmu ástandi. Fyrir allnokkru var vitað að það þyrfti að uppfæra salinn, en nú standa málin þannig að slysa hætta og meiðsla hætta skapast í hvert einasta skipti sem að íþróttamenn og skólafólk stunda æfingar þar. Að auki er veruleg hætta á að íþróttamenn innan félagsins dragist aftur úr, þegar kemur að líkamlegu atgervi, ef miðað er við íþróttafólk í öðrum félögum.

Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun sem á að koma salnum í viðunandi ástand, þó að enn meira þyrfti til.


Knattspyrnufélagið
HAUKAR
Kt. 600169-0419
F.h Barna og unglingaráðs Hauka


Knattspyrnufélagið
HAUKAR
Kt. 600169-0419
Íþróttastjóri Hauka

Kostanaðaráætlun			
Þreksalur	Fjöldi	Verðtilboð	Samtals
Stórir æfingaboltar	6	8900	53400
Lyftingabekkur	4	59900	59900
Teygjur, grannar	4	-	-
Tegjur miðlungs	4	-	-
Teygjur þykkar	4	-	-
Sleðar (proowler)	2	-	-
Medicineboltar 2,7 kg	4	-	-
Medicineboltar 4,5 kg	4	-	-
Medicineboltar 6,8 kg	4	-	157700
Sippubönd	8	1500	12000
Ólympískar lyftingastangir	6	100.000	600.000
Medicinebolti - dynamax 6kg	4	10150	40600
Medicinebolti - dynamax 6kg	4	12250	49000
Rekki fyrir medicinebolta	1	5900	5900
Tornado ball	4	9850	39400
Standur fyrir ólympískar stangir	1	16500	16500
Dýnur 160x60 cm	8	3000	24000
Hanki fyrir æfingadýnur	1	6700	6700
Jafnvægisdýnur (bláar)	4	9850	39400
Lyftingapallur	2	600.000	600.000
Hnébeygjurekkar	3	15.000	39500
Tryssurekki	1	400.000	400.000